

Ársfundur LSH 12.5.2004

Fundarstjóri, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, góðir gestir

Áhugi Hringingsins á málefnum sjúkra barna og umönnun þeirra ætti ekki að koma neinum á óvart.

Um áratuga skeið hefur Hringurinn látið sig þessi mál varða. Haft með þeim vakandi auga og stutt þau með ráðum og dáð.

Safnað fé eftir mætti til þess að bæta aðbúnað þeirra, stuðlað að sérnámi fagfólks og styrkt börn til lækninga.

Við erum þakklátar fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að vinna að þessum málum með því stórhuga fólki sem komið hefur að heilbrigðismálum barna og við erum stoltar yfir þeim mörgu sigrum sem áunnist hafa og vert er að gleðjast yfir.

Má þar nefna fyrstu barnadeild Landspítalans sem opnuð var 1957.

Barnaspítali Hringingsins var vígður 1965.

Geðdeild Barnaspítalans við Dalbraut var opnuð 1971.

Vökudeildin tók til starfa 1976 og langþráður sérhannaður barnaspítali var tekinn í notkun á síðasta ári.

Að öllum þessum verkefnum hefur Hringurinn komið, í góðri samvinnu við stjórnvöld.

Þótt ég nefni hér nokkur þeirra verkefna sem Hringurinn hefur komið að, hafa að sjálfsögðu margir aðrir aðilar með sama hætti beitt sér fyrir miklum framförum á hinum ýmsu sviðum heilbrigðismála. Er það vel. Í raun má segja að almenningur hafi með þessum hætti sýnt þann hlýhug sem hann ber til góðrar heilbrigðisþjónustu.

Megináherslan í starfsemi Hringingsins er og verður áfram Barnaspítali Hringingsins.

Félagið hefur þó einnig haft svigrúm til að líta til annarra átta og má þar m.a. nefna Sjónarhól, sem er þjónustumiðstöð fyrir foreldra barna með sérþarfir.

Og í tilefni af aldarafmæli Hringingsins fyrr á þessu ári ákvað félagið að veita 50 milljónum króna til uppbyggingar á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans við Dalbraut.

Það er okkar skoðun, að þegar horft er til mikilvægra þátta sem þarfnast úrlausnar í velferð barna hljóti athyglin að beinast að þessu málefni. Þörfin á skjótum úrbótum er svo brýn að okkur fannst blóðið renna til skyldunnar og erum við þess fullvissar að þetta framlag okkar komi að góðum notum.

Viljum við við jafnframt hvetja almenning, félög og fyrirtæki til þess að leggja þessu mikilvæga málefni lið.

Ég fagna því að málefni Barna- og unglingageðdeildarinnar fái jafn mikla áherslu á þessum fundi og raun ber vitni. Djúp umræða þessa hlið heilbrigðismála barna og unglina er mikilvæg og er best til þess fallin að skapa skilning á málinu.

Það hlýtur að vera keppikefli hvers samfélags að stuðla að eins góðri umgjörð og kostur er til að hlúa að heilbrigðum börnum til sálar og líkama.

Það er einlæg ósk mín að landsmenn allir láti sig þetta málefni varða, þannig að sem fyrst verði unnt að hrinda af stað framkvæmdum sem ætlað er að bæta úr þeirri brýnu þörf til úrbóta sem Barna- og unglingageðdeildin horfist í augu við.

Takk fyrir.